

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2015

**Efni: Aðgerðaáætlun stjórnvalda til losunar fjármagnshafta (frumvarp um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum og frumvarp til laga um stöðugleikaskatt)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind lagafrumvörp. Með framlagningu þeirra hafa stjórnvöld lagt grundvöll að aðgerðaáætlun til losunar fjármagnshafta. Áætlunin byggir á því að kröfuhafar föllnu bankanna og aflandskrónueigendur njóti forgangs við losun hafta og verði þannig hleypt út úr höftum á undan öðrum. Í staðinn muni þessir aðilar afhenda stjórnvöldum hluta krónueigna sinna til að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Þetta framlag verði í formi stöðugleikaskilyrða eða stöðugleikaskatts í tilfalli kröfuhafa og álags við gjaldeyrisútboð í tilfalli aflandskrónueigenda. Í kjölfarið verði höftum síðan smám saman aflétt af innlendum aðilum.

Viðskiptaráð fagnar því að loks sjái fyrir endann á fjármagnshöftum í núverandi mynd. Höftin hafa neikvæð áhrif á lífskjör héraendis, meðal annars með því að draga úr starfsemi alþjóðlega samkeppnishæfra fyrirtækja. Samkvæmt áætlun ráðsins drógu fjármagnshöftin úr útflutningi slíkra fyrirtækja um 80 ma. kr. árið 2013.<sup>1</sup> Þessi neikvæðu áhrif vaxa með hverju ári sem líður innan hafta.

Eftir sjö ár af tilvist fjármagnshafta liggur nú í fyrsta sinn fyrir trúverðug áætlun um afléttingu þeirra. Jafnframt er fagnaðarefni að áætlunin sé heildstæð. Þannig nær hún til allra aðila innan hafta en ekki einungis hluta þeirra. Viðskiptaráð hefur frá upphafi lagt áherslu á að heildstæð áætlun sé lögð fram og það hefur nú verið gert.

---

<sup>1</sup> Áætlun á umfangi þessara áhrifa má finna í skoðun Viðskiptaráðs frá mars 2014: „Kosta höftin okkur 80 ma. kr. í gjaldeyristekjur á ári?“ Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skodanir/1656/>

Að ofangreindu sögðu ákveðnum atriðum þó enn ósvarað. Brýnt er að stjórnvöld upplýsi nánar um þau á næstunni til að styðja frekar við trúverðugleika áætlunarinnar og styrkja þannig forsendur afnáms á sem skemmstum tíma.

### **Duga stöðugleikaskilyrðin til að leysa vanda slitabúanna?**

Í kjölfar birtingar afnámsáætlunar voru birtar tilkynningar um drög að nauðasamningum fyrir þrotabú föllnu bankanna. Þar var sagt að stjórnvöld væru búin að fallast á að þau drög uppfylltu skilyrði þeirra um efnahagslegan stöðugleika.<sup>2</sup> Miðað við þær upplýsingar sem þar koma fram er erfitt að sjá hvort þau skilyrði sem þar eru tíunduð dugi til að leysa vanda slitabúanna að fullu. Því er þörf á frekar skýringum stjórnvalda á efnahagslegri þýðingu þeirra nauðsamningsdraga sem nú liggja fyrir. Slíkar skýringar myndu auka trúverðugleika áætlunarinnar gagnvart öðrum aðilum en kröfuhöfum föllnu bankanna.

### **Hvenær er nákvæmari útfærslu að vænta?**

Í áætluninni liggja fyrir tímasettar aðgerðir til að aflétta höftum af kröfuhöfum föllnu bankanna sem og erlendum aðilum með krónueignir hérlendis. Þá má sjá af kynningu aðgerðaáætlunarinnar að lífeyrissjóðum verður að hluta til gert kleift að fjárfesta erlendis strax á næsta ári. Þar er hins vegar engin tímamörk að finna þegar kemur að afléttingu hafta á einstaklinga eða fyrirtæki. Viðskiptaráð telur brýnt að nánari útlistun á í hverju aflétting hafta á einstaklinga og fyrirtæki felst ásamt tímasettri áætlun í þeim efnum liggja fyrir sem fyrst. Slík útlistun er forsenda þess að neikvæð áhrif fjármagnshafta á alþjóðleg fyrirtæki hérlendis dragist saman.


### **Aðgerðaáætlun stjórnvalda verulegt framfaraskref**

Að ofangreindu sögðu telur Viðskiptaráð þó að aðgerðaáætlun stjórnvalda og þau frumvörp sem henni fylgja séu verulegt framfaraskref fyrir íslenskt efnahagslíf. Trúverðug áætlun um afnám hafta er þó ekki nægjanleg ein og sér. Samhliða henni þarf að móta skýrari langtímastefnu í efnahagsmálum. Sú stefna þarf að styðja við áframhaldandi uppbygginu útflutningsgreina, aukna framleiðni og opnun hagkerfisins fyrir erlendra samkeppni og fjárfestingu.

Takist Íslendingum að móta slíka stefnu mun tiltrú á íslenskt efnahagslíf aukast. Þannig myndi tiltrú innlendra sem erlendra fjárfesta á íslensku efnahagslífi aukast sem örvar fjárfestingu og bætir vaxtakjör innlendra aðila. Slíkt umhverfi gerir alþjóðlegri atvinnustarfsemi að vaxa á ný og styður best við batnandi lífskjör á komandi árum.

### **Viðskiptaráð leggur til að frumvörpin nái fram að ganga.**

Virðingarfyllt,



Frosti Ólafsson,  
framkvæmdastjóri

<sup>2</sup> Sjá frétt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytsins, slóð: <http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/nr/19605>